



## Fundargerð

372. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 24. maí 2007, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

Oddviti óskaði eftir að bæta við áður auglýsta dagskrá, einum lið nr. 12. um úthlutun byggðakvóta. Ennfremur óskaði hún eftir að taka inn til afgreiðslu hreppsnefndar fundargerð byggingarnefndar dags. 22.maí 2007. Var þessi breyting á dagskrá samþykkt samhljóða.

## Dagskrá

### 1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð Bygginganefndar dags. 27.apríl 2007
  - Fundargerð í einum tölulið.
- b) Fundargerð skólanefndar dags. 2.5.2007
  - Fundargerð í tveim töluliðum
- c) Fundargerð kjörnstjórnar dags. 3.5.2007
  - Fundargerð í tveim töluliðum
- d) Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 7.5. 2007
- e) Fundargerð skólanefndar dags. 15.5.2007
  - Fundargerð í þremur töluliðum

Ásdís Auðunsdóttir lýsti yfir vanhæfi sínu við afgreiðslu fundargerðarinnar og vék af fundi. Eftir afgreiðslu málsins kom hún aftur inn á fundinn.
- f) Fundargerð bygginganefndar dags. 22. maí 2007
  - Fundargerð í fjórum töluliðum

Guðni Ólafsson lýsti yfir vanhæfi sínu við afgreiðslu 1.liðar fundargerðarinnar og vék af fundi. Í hans fjarveru var 1.liður staðfestur af hreppsnefnd. Guðni kom inn á fundinn á ný og tók þátt í afgreiðslu á öðrum liðum fundargerðarinnar.

Hreppsnefnd vísar 3.tölulið aftur til Byggingarnefndarinnar og óskar eftir frekari útfærslu. Varðandi 4.tölulið fundargerðarinnar var samþykkt eftirfarandi ályktun: "Hreppsnefnd tekur undir tillögu bygginganefndar hvað varðar hreinsunaráttak í sveitarfélaginu nú í vor og felur oddvita að vinna að málinu í samvinnu með byggingafulltrúa og formann bygginganefndar. Hvað varðar gámasvæði og urðunarsvæði, þá þarf nánari útlistun á þeim hugmyndum og óskar hreppsnefnd eftir því að bygginganefnd komi með hana."

Að öðru leyti voru fundargerðirnar staðfestar samhljóða.

### 2. Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2006 fyrri umræða.

Oddviti lagði til að ársreikningi verði vísað til seinni umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

### 3. Fjórðungssamband Vestfjarða;

- Tilnefningar í Menningarráð Vestfjarða

Oddviti lagði til að Sveinn Valgeirsson verði tilnefndur í menningarráð Vestfjarða sem fulltrúi Tálknafjarðarhrepps.

- Undirritun samnings um menningarmál á Vestfjörðum.

FTS  
EOPK

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar undirskrift samnings Ríkis og Sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál, og trúir því að tilkoma hans verði lyftistöng fyrir menningarlíf á Vestfjörðum.

**4. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**

- Til kynningar

**5. Samband íslenskra sveitarfélaga**

- Viðbragðsáætlun sorphirðu í inflúensufaraldri  
Samþykkt að vísa erindinu til Almannaþingarnefndar V.-Barðastrandasýslu og Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps til kynningar.

**6. Umsókn um hundaleyfi**

Hreppsnefnd samþykkti hundaleyfið með fjórum atkvæðum, Ingólfur sat hjá.

**7. Samkomulag um rekstur framhaldsskóladeildar á Patreksfirði**

Samkomulagið, sem er á milli Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar og Menntamálaráðuneytisins, var kynnt fyrir hreppsnefnd. Af gefnu tilefni vill Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fagna stuðningi og velvilja Lionsklúbbs Patreksfjarðar í garð framhaldsdeildarinnar. Samþykkt samhljóða.

**8. Niðurstaða sýnatöku úr vatnsveitu Tálknafjarðar**

- Til kynningar.

**9. Lögreglan á Vestfjörðum;**

- Lögreglusamþykktir á Vestfjörðum  
Málinu frestað til næsta fundar.

**10. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða;**

- Fundargerð heilbrigðisnefndar 27.4.2007 – lagt fram til kynningar.

**11. Vista ehf. – sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar**

- Til kynningar  
Hreppsnefnd hefur áhuga á uppsetningu á veðurathugunarstöð, og vísar málinu til gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

**12. Sjávarútvegsráðuneytið úthlutun byggðakvóta**

Oddviti lýsti yfir vanhæfi sínu við afgreiðslu þessa máls, og vék af fundi. Marion Worthmann kom inn á fundinn. Guðni Ólafsson varaoddviti tók við stjórn fundarins. Guðni bauð Marion hjartanlega velkomna á sinn fyrsta hreppsnefndarfund.

Bragi Gunnarsson lagði fram eftirfarandi:

“Undirritaðir fulltrúar T-lista vilja bóka eftirfarandi vegna úthlutunar Tálknafjarðarhrepps á byggðakvóta:

255  
GO

Við viljum að allir útgerðaraðilar á staðnum séu boðaðir til fundar og fengin þeirra sjónarmið á þeim úthlutunarreglum sem viðhafðar voru í fyrra og hvort einhver hafi betri tillögu. Í framhaldi af því getur hreppsnefnd tekið sína ákvörðun”.

Guðni Ólafsson lagði fram eftirfarandi tillögu meirihluta hreppsnefndar:

“ Tálknafjarðarhreppur hefur fengið úthlutað 87.000 þorskígildiskílóum sbr. Fylgiskjal 1 með bréfi Sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21.mái 2007. Hreppsnefnd leggur til að stuðst verði við þær úthlutunarreglur sem í gildi hafa verið í Tálknafjarðarhreppi við úthlutanir sl. tveggja ára og nýti sér þar með heimild skv. 2.gr. reglugerðar nr. 439 frá 16.mái 2007. Hreppsnefnd leggur til að úthlutunarreglur verði á þá leið að byggðakvóta til fiskiskipa verði úthlutað hlutfallslega og tekið mið af lönduðum afla til vinnslu á Tálknafirði sl. 12 mánuði. Oddvita falið að senda Sjávarútvegsráðuneytinu tillögu hreppsnefndar ásamt rökstuðningi.

Rökstuðningur:

- Þeir sem leigja til sín heimildir og landa hér fá kvóta, annars ekki ef notast er við úthlutun aflamarks 1.sept. 2006.
- Mikil sátt við þessa leið
- Hvetjandi fyrir útgerðir að landa sem mest heima til þess að eiga kost á úthlutun kvóta.”

Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá, þeir Bragi og Ingólfur.


### 13. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti kynnti fyrir hreppsnefnd fyrirhugaðar framkvæmdir hjá sveitarfélaginu í sumar.


### 14. Önnur mál


Enginn kvað sér hljóðs undir þessum lið.


Fleira ekki fyrir tekið og fundargerð lesin upp. Oddviti sleit fundi kl. 19.25.


  
Eyrún I. Sigþórsdóttir oddviti


  
Guðni Ólafsson

  
Ingólfur Kjartansson

  
Bragi G. Gunnarsson

  
Ásdís Auðunsdóttir

  
Marion G. Worthmann

  
Helga Jónasdóttir fundarritari